

STARFSÁÆTLUN SSV 2026

Hautþing 2025 Akranesi



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



hver er
SÉRSTAÐA
Vesturlands?



Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri.

Á svæðinu búa um **17.800** manns (1. janúar 2025) sem skiptast niður á 9 sveitarfélög. Fjölmennastur er **Akraneskaupstaður** með ríflega **8.200** íbúa. Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað verulega í sunnanverðum landshlutanum. Á sama tíma hefur íbúafjöldi á Snæfellsnesi og Dölum staðið í stað. Í heildina hefur íbúum á Vesturlandi **fjölgað um 7%** síðustu 5 ár. Meðalaldurinn hefur á þessum árum hækkað úr 38,4 í 39 ár. Eldri borgarar eru 15,4% íbúa. Íbúar af erlendum uppruna eru 17,6% samkvæmt þjóðskrá



Markmið og verkefni

• Markmið

- Vinna að hagsmunum aðildarsveitarfélaga og efla samstarf þeirra á milli
- Atvinnu- og byggðapróun.
- Vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn eða ráðuneyti fela SSV
- Koma fram sem heild í sameiginlegum málum gagnvart ríkisvaldinu og öðrum
- Fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála, jafnt innanlands sem erlendis
- Efla búsetu og atvinnulíf í landshlutunum

• Samningsbundinn verkefni

- Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands sem SSV er lögum samkvæmt falið að vinna að.
- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðapróunar verkefni á Vesturlandi.
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum
- Samningur við Ferðamálastofu felur í sér að SSV hefur umsjón með áfangastaðastofu og áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefnum henni tengdri.
- Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið um farældarmál.
- SSV á allt hlutfé í Markaðsstofu Vesturlands og stýrir starfsemi hennar.



Stjórn SSV


- Ragnar Sæmundsson
- Ingbjörg Þ. Steinudóttir
- Einar Brandsson
- Elín Ósk Gunnarsdóttir
- Pétur Davíðsson
- Guðveig Eyglóardóttir
- Sigurður Guðmundsson
- Jakob B. Jakobsson
- Jósef Kjartansson
- Júníana Óttarsdóttir
- Sigurbjörg Ottesen

Akraneskaupstað formaður
Dalabyggð varaformaður
Akraneskaupstað
Hvalfjarðarsveit
Skorradalshreppi
Borgarbyggð
Borgarbyggð
Syttkishólmsbæ
Grundarfjarðarbæ
Snæfellsbæ
Eyja- og Miklaholtshreppi





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI





Starfsfólk SSV

Á árinu 2025 voru 15 starfsmenn hjá SSV í 11,25 stöðugildum. Á árinu 2025 kom Laufey Jónsdóttir tengiráðgjafi í verkefninu Gott að eldast í hóp starfsmanna SSV. Í byrjun árs 2026 er áætlað að ráða inn nýjan verkefnisstjóra í stað Bjarkar Jóelsdóttur sem lét af störfum sl. sumar.

- Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri
- Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunnar Vesturlands
- Svala Svavarsdóttir verkefnastjóri
- Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar og velferðarmála
- Vífill Karlsson fagstjóri atvinnuráðgjafar
- Helga Guðjónsdóttir atvinnuráðgjafi
- Ólöf Guðmundsdóttir atvinnuráðgjafi
- Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi
- Sædís Björk Þórðardóttir skrifstofumaður
- Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri áfangastaða- og markaðssviðs
- Kristján Guðmundsson verkefnastjóri
- Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri DalaAuðs
- Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri Gott að eldast - 50% stöðugildi
- Laufey Jónsdóttir tengiráðgjafi Gott að eldast
- Bára Daðadóttir verkefnisstjóri farsældar barna





Helstu verkefni skrifstofu

- Umsýsla með fjármálum og rekstri
- Mannauðsmál og launaumsýsla
- Skjalastjórnun og tölvumál
- Kynningarmál og upplýsingamiðlun
- Umsýsla með samningagerð, styrkjagreiðslum og ýmis önnur verkefni fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands

Áherslur fyrir árið 2026

- **Vinna samskiptastefnu fyrir SSV**
- **Ný vefsíða SSV**





Samstarf og hagsmunagæsla

Áherslur 2026

- Eitt af meginverkefnum SSV er hagsmunagæsla og þátttaka í ýmiskonar samstarfi. Þetta verkefni hefur mótast töluvert á undanförunum árum og verða sömu áherslur að hluta árið 2026. Fundað verður með:
 - Þingmönnum Norðvestur-kjördæmis
 - Samráðsfundur með öðrum landshlutasamtökum
 - Mánaðarlegir fundir með formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga
 - Fundir með þingnefndum
 - Fundir með sveitarstjórnarfólki og ýmsum haghöfum
- Umsagnir um frumvörp og áætlanir
- **Áherslur 2026, verkefni sem unnið er að 2025 og verður áfram unnið að á árinu 2026**
 - **Festa í sessi fundi með bæjar- og sveitarstjórum sem og yfirmönnum málaflokka hjá sveitarfélögum**
 - **Ráðstefna um menntamál**
 - **Átak í fræðslumálum fyrir kjörna fulltrúa á Vesturlandi**



Viðburðir 2026

- Viðburðir á vegum SSV
 - Aðalfundur SSV 25 mars
 - Aukaaðalfundur júní (kosning stjórnar)
 - Haustþing SSV 30 september
 - Ráðstefna um menntamál febrúar/mars
- Viðburðir þar sem SSV tekur þátt
 - Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka
 - Haustfundur atvinnuráðgjafa og Byggðastofnunar
 - Ársþing Byggðastofnunar
 - Landsþing sveitarfélaga á Akureyri
 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga





Þróunarstarf, rannsóknir og þjónusta

Sóknaráætlun

Atvinnuráðgjöf

Menningar- og velferðarmál

Áfangastaðurinn Vesturland



Sóknaráætlun Vesturlands

- Sóknaráætlanir eru stefnumótandi áætlanir sem unnar eru í öllum landshlutunum átta. Þær eru unnar í samstarfi heimamanna, atvinnulífs, sveitarfélaga og annarra hagaðila. Markmið þeirra er að greina og stuðla að jákvæðri og sjálfbærri samfélags- og byggðapróun og auka samráð, skilgreina tækifæri og setja fram raunhæfar aðgerðir til að efla byggð, atvinnu og lífsgæði.
- Til að hrinda sóknaráætlunum í framkvæmd er tvær skilgreindar aðgerðir;
 - Uppbyggingarsjóðir veita styrki áhugaverðra verkefna sem aðilar á Vesturlandi eru að vinna að.
 - Áhersluverkefni eru verkefni sem sett eru af stað til þess að stuðla að framgangi markmiða sóknaráætlunar
- Samráðsvettvangur sem skipaður er stjórn SSV og öðrum hagaðilum á Vesturlandi er ráðgefandi um frampróun sóknaráætlunar, en ákvörðunarvald er í höndum stjórnar SSV.
- Núgildandi Sóknaráætlun Vesturlands var samþykkt í árslok 2024 og gildir til ársloka 2029.



Meginmarkmið Sóknaráætlunar Vesturlands 2025-2029



UMHVERFI OG LOFTSLAG

Efla umhverfisvitund íbúa, styðja við hringrásarhugsun, auka fjölbreytni í orkumálum og draga úr losun kolefnis með áherslu á réttlát umskipti.

ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Stuðla að vexti atvinnulífs, efla nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga óstaðbundnum störfum.

MANNAUÐUR OG VELFERÐ

Efla mannauð, bæta vellíðan, stuðla að inngildingu, félagslegri virkni og samstöðu í samfélaginu.

MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera verðmætasköpun innan landshlutans ápreifanlega.

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

2025-2029





Uppbyggingarsjóður Vesturlands

- Úthlutunarnefnd skipuð fimm fulltrúum tekur ákvörðun um úthlutanir sjóðsins
- Fagráðin veita úthlutunarnefnd umsagnir um styrkumsóknir
 - Fagráð menningar
 - Fagráð atvinnu- og nýsköpunar
- Þrír flokkar styrkja
 - Menningarstyrkir
 - Stofn- og rekstrarstyrkir menningar
 - Atvinna og nýsköpun
- Sjóðurinn hefur úthlutað um 700 m.kr. til ríflega 1000 verkefna frá 2015 til ársloka 2024.
- Árið 2026 er áætlað að veita 65 m.kr. til styrkja úr sjóðnum





Áhersluverkefni 2026

- Eftir er að vinna tillögu að nýjum áhersluverkefnum fyrir árið 2026.
- Þau eru unnin með hliðsjón af meginmarkmiðum og áherslum sóknaráætlunar.
- Samráðsvettvangur gerir tillögu að áhersluverkefnum, en stjórn SSV samþykkir þau endanlega áður en þau fara til Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar.
- Verkefni eru alla jafna til eins eða tveggja ár en þau geta líka fengið framlengingu með nýrri fjárveitingu.
- Áætlað er að veita 35 m.kr. til áhersluverkefna árið 2026.



Ahersluverkefni sem áfram verður unnið að árið 2026 og eru fjármögnuð.

- Vesturland er valkostur
- Hækkum hlutfall opinberra starfa á Vesturlandi
- Matarauður Vesturlands
- Sjálfbær atvinnusvæði
- Orkumál á köldum svæðum
- Gott að eldast
- Farsæld á Vesturlandi
- Ferðaleiðir á Vesturlandi





Verkefni fjármögnuð af byggðaaætlun

Eftirtalin verkefni eru í gangi í dag:

- **A.10 Almenningsamgöngur á milli byggða**

Verkefni um akstur á milli Búðardals og Borgarness, hófst 2023 og stendur yfir til vors 2026

- **C. 1 Séræk verkefni á Sóknaráætlunarsvæðum**

- Hver vegur að heiman er vegurinn heim - Verkefnið snýst um að stuðla að byggðafestu og laða ungt fólk heim aftur.
- Auðarstofa Nýsköpunarsetur í Búðardal - Verkefnið snýst um að efla Nýsköpunarsetur Dalabyggðar til muna og standsetja verklegt rými og þekkingarsetur

- **Reiknað er með að SSV muni sækja um stuðning í verkefni byggðaaætlunar í samráði við haghafa árið 2026, en ekki liggur fyrir hvaða verkefni það verða**



Hlutverk Atvinnuráðgjafar Leiðarljós við vinnu 2026

- Skilgreint í samningi SSV við Byggðastofnun
 - Stuðla að jákvæðri atvinnu- og byggðaþróun í samræmi við stefnu ríkisins
 - Ráðgjöf við fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög.
 - Stuðla að nýsköpun í atvinnulífi
 - Vinna að greiningu og eflingu búsetukosta í sveitarfélögum
 - Upplýsingaöflun og -miðlun





Áherslur Atvinnuráðgjafar 2026

- Vinna með NýVest og Gleipni að nýsköpun á Vesturlandi
- Vinna með rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum við Háskólann á Bifröst
- Íbúakönnun landshlutanna
- Ýmis rannsóknarverkefni
- Vinna að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands
- Vinna með umsækjendum í Uppbyggingarsjóð Vesturlands
- Taka þátt í DalaAuði (Brothættar byggðir)
- Samstarf við Byggðastofnun um lán- og styrkveitingar





Velferð

Föst verkefni

- Vinna í samræmi við Velferðarstefnu Vesturlands
- Vinna með Ungmennaráði Vesturlands
- Þátttaka í verkefninu Gott að eldast
- Þátttaka í Farsæld barna
- Framkvæmd áhersluverkefna Sóknaráætlunnar Vesturlands

Áherslur árið 2026

- Vinna að stofnun samstarfsvettvangs sviðstjóra fræðslumála
- Vinna með nýju Farsældarráði Vesturlands
- Innleiðing farsældarlaga í öllum sveitarfélögum á Vesturland
- Rannsókn tengiráðgjafa SSV er varðar búsetu eldra fólks í landshlutanum



Menning

Föst verkefni

- Ráðgjöf, umsjón og eftirfylgni með styrkveitingum úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands
- Ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana um menningarmál
- Framkvæmd áhersluverkefna Sóknaráætlunnar Vesturlands
- Handraði – klasi safna, sýninga og setra

Áherslur árið 2026

- Efling menningarhúsa á Vesturlandi
- Vinna stofnun samstarfsvettvangs fyrir starfsfólk sveitarfélaga sem vinna að menningarmálum
- Kynning á menningartengdum atvinnugreinum og skapandi Vesturlandi og tækifærum í skapandi greinum



Áfangastaða- og Markaðssvið SSV

Markaðsstofa Vesturlands – Áfangastaðastofa – er opinber stoðþjónusta ferðamála á Vesturlandi

- **Markaðsstofa:** heldur utan um opinbera kynningu og samstarf við hagaðila um markaðssetningu á áfangastaðnum Vesturlandi

- **Áfangastaðastofa:** heldur utan um áfangastaðaáætlun, ýmis þróunarverkefni, ráðgjöf og stuðning við hagaðila vegna þróunar á áfangastaðnum Vesturlandi

- **Starfsáætlun 2025–2026** fyrir þessa starfsemi byggir á stefnumótun, markmiðum og áherslum áfagastaðaáætlunar Vesturlands, til að efla áfangastaðinn Vesturland



Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-



Verkefnaáherslur fyrir áfangastaðinn Vesturland

Áfangastaðstofa:

- Áfangastaðaáætlun – uppfærsla og eftirfylgni
- Ferðaleiðir, innviðir og upplifun
- Greiningarvinna, stoðþjónusta og leiðsögn
- Ráðgjöf, vörupróun og nýsköpun

Markaðsstofa:

- Opinber kynning og markaðssetning
- Vefurinn vesturland.is / west.is og samfélagsmiðlar
- Markaðsverkefni, myndefni og kynningarefni
- Þátttaka í ferðasýningum, vinnustofum og fjölmiðlaferðum



Markaðsstofa Vesturlands
-ÁFANGASTAÐASTOFA-



Áhersluverkefni 2025–2026

Áfangastaðaáætlun Vesturlands

Uppfæra og endurnýja Áfangastaðaáætlun Vesturlands og færa hana yfir í nýja veflausn svo hún nýtist betur sem lykilverkfæri í stefnumótun, þróun og verkefnavinnu fyrir áfangastaðinn Vesturland.

Verkefnið felur í sér:

- Stöðugreiningu, samráð og stefnumótun varðandi framtíðarsýn, markmið og áherslur í þróun ferðamála á Vesturlandi
- Uppsetningu á áfangastaðaáætlun í gagnvirku og notendavænu formi á vefsvæði www.west.is/afangastadaaaetlun
- Setja upp einfalt upplýsingaborð með stefnum, tölfræði og stöðugreiningum ferðamála á vesturlandi
- Útbúa aðgengilegt yfirlit yfir áfangastaðaverkefni á Vesturlandi með upplýsingum um áherslur og stöðu hvers verkefnis

Markmið verkefnisins er að gera Áfangastaðaáætlun Vesturlands að lifandi verkfæri sem nýtist við framþróun ferðamála á Vesturlandi, eykur upplýsingagjöf og eflir samstarf og virkni allra hagaðila við uppbyggingu og eflingu á áfangastaðnum Vesturlandi.



Áhersluverkefni 2025–2026

Ferðaleiðir á Vesturlandi

Skilgreina og þróa ferðaleiðir á öllum ferðasvæðum Vesturlands til að efla ímynd og sérstöðu hvers svæðis, kynna heildstæða ásýnd og upplifun áfangastaðarins, styðja við uppbyggingu innviða og áningarstaða og stuðla að gæðum, samstarfi og sjálfbærri þróun ferðamála.

- ❖ **Hvalfjarðarsvæði** – Kjós, Hvalfjörður og Akranes, bæði þéttbýliskjarnar og sveitirnar.
- ❖ **Borgarfjarðarsvæði** – Borgarfjörður, Mýrar og Borgarnes, allir þéttbýliskjarnar og sveitirnar.
- ❖ **Snæfellsnessvæði** – Snæfellsnes, Hnappadalur og vesturhluti Skógarstrandar, bæði sveitir, þéttbýli og þjóðgarður.
- ❖ **Dalasvæði** – Austanverð Skógarströnd, Dalirnir, Búðardalur, Saurbær, Fellsströnd og Skarðsströnd, bæði þéttbýli og sveitir.

Verkefnið felur í sér:

- Samráð og stefnumótun með samfélögum, sveitarfélögum og fyrirtækjum á hverju svæði.
- Greiningu og framsetningu ferðaleiða með fjölbreyttri miðlun, kortum, leiðalýsingum og frásögnum.
- Kortlagningu og stuðning við þróun upplifana sem byggja á náttúru, menningu, mat og þjónustu.
- Upplýsingagjöf, kynningu og markaðssetningu allra ferðaleiða til ferðaskipuleggjenda, ferðasala, markhópa og gesta innanlands og erlendis.

Markmið verkefnisins er að byggja á sérstöðu hvers ferðasvæðis, styrkja ímynd og heildstæða ásýnd áfangastaðarins og skapa haldbært verkfæri fyrir hagaðila til að efla jákvæða upplifun gesta og kynna Vesturland sem eftirsóknarverðan áfangastað *til að heimsækja - dvelja og njóta.*

